

Að blása lífi í „látinn“ mann

Ný lífgunaraðferð: — blástursaðferðin

Inngangur.

Það er alkunna, að læknar ýmsra landa hafa gripið til þess ráðs við köfnuð börn, að blása lofti í lungu þeirra með því að leggja munn sinn að vörum þeirra.

Eftir ýtarlegar rannsóknir hefur Rauðikross Bandaríkjanna mælt með blástursaðferðinni til þess að reyna endurlífingun á köfnuðum börnum og ýmsir læknar vestra, hafa mælt með því að nota þessa aðferð þótt um fullorðna væri að ræða. Í tímariti ameríska læknafélagsins J. A. M. A. (17/5, 1958) var skirt frá árangri áður nefndra rannsókna. Síðan hafa ýms blöð vestra og í Evrópu sagt frá þessari endurlífingun uðu björgunaraðferð, því ný getur hún ekki að öllu leyti talizt þar sem hennar er getið í sjálfri Biblíunni, en þar segir svo er Elía gerði furðuverk á nýdánnum sveini: „lagði sinn munn yfir hans munn“, síðar segir: „Því næst lauk sveinninn upp augunum“ (úr annarri Konungabók 4. kapit. 34—36 vers). Nú hafa margir bandarískir læknar, björgunarfélög og áhugamenn hafið áróður fyrir því að almenningur læri þessa lífgunaraðferð, sem víða er kölluð munn við munn-aðferðin, en verður hér nefnd blástursaðferð. Flestir, sem ritað hafa um aðferðina virðast sam-mála um gildi hennar. Ekki er þó þar með sagt að hún ryðji algerlega burtu þeim lífgunaraðferðum, sem kenndar hafa verið á

undanfórnum árum og oft komið að gagni, en dýrmæt viðbót er hún og sjálfsagt fyrir alla að nema hana og nota þegar aðstæður leyfa. Síðan blöð ytra hófu að segja frá blástursaðferðinni, hefur fólk, sem lærði hana eftir myndum og frásögnum blaðanna eingöngu tekizt að nota hana með góðum árangri og má lesa í dagblöðum Norðurlanda um þó nokkur dæmi frá þessu sumri.

Amerískur læknirinn Peter Saffar og samstarfsmaður hans Martin C. McMahon björgunarstjóri gáfu út fyrsta kennslukverfið um hina endurbornu blástursaðferð: „A manual for emergency artificial respiration“, sem kom út í Baltimore á sl. ári. Í eftirfarandi lýsingu á blástursaðferðinni er að mestu stuðt við bækling þann að fengnu leyfi höfunda, sem reynzt hafa mjög hjálpsamir um útvegum á skýrslum, myndum og frásögnum um aðferð þessa. Ennfremur hafa þeir sent sýnishorn af öndunarpípu, sem lýst er hér síðar.


Lífingun úr dauðadái.

Ef komið er að manni, sem kafnað hefur af völdum kolsýrlings, rafmagns, drukknunar eða annarra ástæðna — og enginn læknir er við hendina, skulu leikmen þeir, er fyrstir koma að slíku slysi, hefja tafarlaust lífgunartilraunir á hinum kafnaða, en láta aðra, sem nærstaddir kynnu að vera, gera ráðstafanir til þess að




Blástursaðferðin er framkvæmd við börn að mestu á sama máta og við fullorðna. Þó er sá munur á, að hjálparmaður leggur munn sinn bæði yfir nef og munn sjúklingsins og blæs miklu vægar, allt að 20 sinnum á mín. — Hjúkrinarnemi sést hér læra blástursaðferðina á gervi-sjúklingi.

ná í lækni. Auðvitað teljum vér það siðferðislega skyldu vora að bregðast svo við, sem hér er lýst, en það er einnig skylda vor samkv. landslögum. Nú eru rétt 140 ár liðin síðan Alþingi Íslendinga samþ. lög um þessi efni og er til fróðleiks, birtur hér kafli úr þeim: „Bæði eftir hlutarins eðli og grundvallarreglum laga vorra verður að álita það almenna borgaraskyldu hvers þess, er býst færi á að bjarga manni, sem er í lífsháska, að beita til þess þeim meðulum, er hann fær til náð, og sérstaklega skal það því vera skylda hvers þess, sem sér mann vera að drukkna, að gera tafarlaust sjálfur, eða með tilstyrk annarra, sem hann kallar til hjálpar, allt það, er unnt er eftir atvikum, til þess að ná manningum upp úr og fá gerðar við hann lífgunartilraunir þær, er best eiga við, og má heldur enginn, þegar svo stendur á, skorast undan að veita þá hjálp, sem hann getur í té látið“ .. (úr lögum nr. 45, frá 4. ágúst 1819).



Blástursaðferðin
Leggið sjúklinginn á bakið. Hreinsið slím úr munn og fjarlægjið aðskotahluti.



Sveigið höfuð sjúklingsins aftur á við, svo hökuna beri hæst. Farið með þumalfingur vinstri handar upp í sjúklinginn, opið munn hans og tugið neðri kjálkann fram



Jón Oddgeir Jónsson.

Á þessu ári hafa mörg erlend dagblöð sagt frá nýrri lífgunaraðferð, sem ameríski Rauði krossinn hefur viðurkennt.

Þegar Morgunblaðinu varð kunnugt um, að byrjað var á því að kenna aðferð þessa í skóla einum hér í bæ á síðastliðnum vori, snéri það sér til viðkomandi kennara í hjálp í viðlögum, sem aflað hefur sér upplýsinga frá Bandaríkjunum um þessi mál, og það hann segja lesendum blaðsins frá blástursaðferðinni eins og hann nefnir hina nýju munn við munn-lífgunaraðferð.

Ljósmyndari Mbl., Ól. K. Magnússon, tók ljósmyndirnar en teikningarnar eru úr amerísku kennslukverfi um blástursaðferðina.



Þrýstið saman nösurnum sjúklingsins með hægri hendi og haldið kjálkanum fram og upp á við með hinni. (Sjá hliðarmynd). Dragið djúpt að yður andann, leggið munn yðar þétt yfir opið munn sjúklingsins og blásið kröftuglega ofan í hann.

Þér sjáið brjóstakassa sjúklingsins þenjast (innöndun) — hættið þá að blása og lungun munu hjaðna að sjálfu sér (útöndun). Á meðan útöndun á sér stað hjá sjúklingnum, dragið þér djúpt að yður andann og hefjið svo lungna blástur að nýju. Blásið kröftuglega þegar um fullorðna er að ræða, en vægara þegar börn eiga í hlut. Við hvítvöðunga og ungbörn nægir munnblástur. Reynið að blása 12—20 sinnum á mínútu.



Ef þér verðið að nota þessa aðferð til þess að halda munn sjúklingsins opnum, eru báðar hendur teptar svo þér lokið fyrir nasir sjúklingsins með því móti að leggja vanga yðar þétt að nasopunum, um leið og þér leggið yður fram við að blása ofan í sjúklinginn.

Aðferðin sem þessi mynd sýnir, er og oft notuð til þess að halda opnum munn á barni, sem blásið er ofan í.



Blástursaðferð við köfnuð börn er beitt á sama máta og lýst er hér að framan að því undanteknu, að þá leggur hjálparmaðurinn munn sinn bæði yfir munn og nef barnsins, er hann blæs ofan í það.

Á þessari mynd sjáið þér að neðra kjálka barnsins er lyft með annarri hendi á meðan hjálparma. notar hina hendina til þess að þrýsta á bringspalir barnsins og hindra þannig að loft, sem kynni að fara niður um vélindið, þenji magann um of. Þetta þarf og að gera við og við ef þér sjáið mag-Framh. á bls. 19.



Amerískur læknir og samstarfsmenn hans, útbjuggu sérstaka öndunarpípu úr plasti til notkunar við blástursaðferðina og gerir það aðferðina aðgengilegri og áhrifaríkari, eins og sagt er frá hér í greininni. Nemi úr Hjúkrunarkvinnaskólanum sýnir notkun pípuunnar á þessari mynd með aðstoð gervisjúklings. Þar sem ekki eru til slík kennslugögn, verður að láta nægja að kenna eftir myndum og kvikmyndum.

Við aðferð þessa er ávallt lögð mikil áhersla á það að sveigja höfuðið aftur á bak og ýta neðri kjálka fram á við til þess að halda opnum öndunarvegnum. —